

# Reglur félagsþjónustu Fljótshálsa um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk

## Markmið og markhópur

### 1. gr.

Reglur þessar byggja á 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum og taka mið af leiðbeinandi reglum Velferðaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

### 2. gr.

Markmið ferðaþjónustu Fljótshálsa er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda atvinnu, nám, leita sér lækninga og hæfingar og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að styðja fatlað fólk til þátttöku í samfélaginu eins og kostur er hverju sinni.

### 3. gr.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum eru:

- Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu.
- Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar
- Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins

Heimilt er að veita undanþágur frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks félagsþjónustunnar vegna sérstakra aðstæðna. Undanþágur eru teknar fyrir á fundum verkefnastjóra.

### 4. gr.

Íbúar í öðrum sveitarfélögum eiga kost á ferðaþjónustu ef sveitarfélag sem viðkomandi á lögheimili í er tilbúið að taka þátt í kostnaði vegna aksturs.

## Mat og framkvæmd þjónustunnar

### 5. gr.

Félagsmálanefnd ber ábyrgð á þjónustunni á vegum Fljótshálsa og hefur félagsmálastjóri yfirumsjón með henni.

Umsókn um þjónustu berst Félagsþjónustu Fljótshálsa á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á skrifstofu Félagsþjónustunnar og á heimasíðu Fljótshálsa. Umsókn um

ferðapjónustu er afgreidd á verkefnastjórafundum. Lagt er mat á umsókn, umfang þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd þjónustunnar.

Umsókn er svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda s.s. fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni umsækjanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og / eða aðra ferðamöguleika.

## 6. gr.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs rekur bíl sem sinnir ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá kl. 8.00 - 17.00 virka daga í þéttbýli Fljótsdalshéraðs.

Bílstjóri ferðapjónustubílsins ber ábyrgð á umsjón bílsins og að fyllsta öryggis sé gætt gagnvart farþegum. Hann starfar samkvæmt starfslýsingu bílstjóra Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs. Bílstjóri skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt námskeið í skyndihjálp.

Starfsmaður félagsþjónustunnar skipuleggur akstursáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notenda í huga.

Bílstjóri ferðapjónustubílsins tekur á móti breytingum á áætluðum ferðum s.s. vegna veikinda. Vaktsími bílstjóra er 893-2070.

Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

## 7. gr.

Ferðir til og frá vinnu, skóla, hæfingu og lækninga ganga fyrir öðrum ferðum.

Fjöldi ferða til annarra erinda, en að ofan greinir er háður takmörkunum, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði og heildarfjöldi ferða eigi meiri en 60 í mánuði sé akstur vegna tómsunda talinn með.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsóknir um ferðir vegna afþreyingar eða tómsunda skulu metnar í samráði við umsækjanda hverju sinni.

Umsóknir um ferðapjónustu þeirra sem ekki geta nýtt sér ferðapjónustubílinn, t.d vegna búsetu í dreifbýli eða tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi eru teknar fyrir á verkefnastjórafundum og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að sýna sveigjanleika og tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði ferðapjónustu t.d með notkun leigubíla eða með samningum við einkaaðila.

## 8. gr.

### Gjaldtaka

Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk er gjaldfrjálst í þéttbýli Fljótsdalshéraðs eins og almenningsangöngur á Fljótsdalshéraði. Um gjald fyrir ferðapjónustu í dreifbýli vísast til gjaldskrá ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

### Málskotsréttur umsækjanda

## 9. gr.

Ákvörðun um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk er tekin á verkefnastjórafundum. Umsækjandi um ferðapjónustu getur krafist rökstuddra, skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun verkefnastjórafundar um synjun má áfrýja til félagsmálanefndar Fljótsdalshéraðs. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna. Ákvörðunum félagsmálanefndar er unnt að skjóta til úrskurðanefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

## 10. gr.

### Gildistími og endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Reglurnar taka gildi 1. janúar 2015

Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs samþykkti reglurnar á fundi sínum 17. desember 2014.